

Útgefandi:
Hlutafélag á Siglufirði.

FRAM.

Ritstjórar:
Friðb. Niélsson og
Hannes Jónasson.

1. ár.

Siglufirði 7. júlí. 1917.

33. blað.

Hafliði Guðmundsson hreppstjóri.

Hafliði Guðmundsson var fæddur í Studlakoti í Reykjavík 2. Des. 1852.

Faðir hans var Guðmundur Guðmundsson bræðungur við Bjarna rektor, en móðir hans var Ragnheiður dóttir Þorsteins Guðmundssonar stud. á Laksanesi í Kjós. Systir Ragnheiðar voru: Kristín fyrri kona séra Páls skálds Jónssonar, síðast prests á Viðvík og Kristín móðir Þórðar á Hálsi Guðmundssonar; bróðir Ragnh. hét Hafliði. — Var Hafliði Guðmundsson albróðir Björns heitins kaupm. Guðmundss. Þorsteins fiskimatsmanns og Jórunnar heitinnar Guðmundssdóttur.

Pegar Hafliði var 5 ára gamall, misti hann móðir sína; ólst hann þá upp hjá föður sínum í Rvík fram yfir fermingu; þegar hann var 15 ára gamall fór hann að Hvítárvöllum til Andrésar Féldsteðs og var hjá honum um 5 ára skeið. Síðan fór hann aftur til Reykjavíkur og var þar enn um 5 ár. Árið 1877 fór hann alfarinn úr Reykjavík til Siglufjarðar á vegu Snorra verslunarstjóra Pálssonar frænda síns. Var Hafliði þá nær því 25 ára að aldri. Kom hann til Siglufjarðar 27. júní, og frá þeim degi átti hann heimili þar í Siglufirðinum.

Fyrstu þrjú árin sem Hafliði var í Siglufirði, bjó hann hjá Snorra Pálssyni, en var þó á þeim árum tímunum saman, á Hraunum hjá Kristínu, systir Snorra, frænku sinni og Einari B. Guðmundssyni, bónda hennar.

9. apríl 1880 kvongaðist Hafliði Sigríði Pálsdóttir úr Pálsbæ, Magnússonar frá Holti, Pálssonar frá Studlakoti í Reykjavík. Lífir hún mann sinn, ásamt 5 fullorðnum börnum. Eru þau öll gift:

1. Helgi kaupm. Siglufirði, giftur Sigríði Jónsdóttur Eiríkssonar, ættadri úr Fljótum. 2. Kristín, gift Halldóri kaupm. Jónassyni í Siglufirði ættuðum úr Þingeyjarsýslu. 3. Guðmundur, kaupm. í Siglufirði, giftur Teódóru Pálsdóttur Jónssonar, Árdals á Akureyri. 4. Andrés, verslunarm. í Siglufirði, giftur Ingibjörgu Jónsdóttur, ættadri af Akureyri. 5. Ólöf, gift Sófusi verslunarstj. Björnssyni Gunnlaugssonar, Blöndal í Siglufirði. Eitt barn mistu þau Hafliði og

Sigríður, Mariu Þorbjörgu, þriggja ára gamla, — mesta efnisbarn.

3 fósturbörn tóku þau hjónin. Ólu þau tvö þeirra upp að nokkru leyti, en eitt alveg — Guðmundu Jakobsen. Hana tóku þau 2 ára, þegar hún misti móður sína, og var hún þar hjá þeim þar til hún giftist Edvín Jakobssen sídarkaupm. frá Fosnavaag í Noregi, og er hún nú búsett þar.

Sama vorið og Hafliði kvongaðist fluttist hann með konu sinni í svonefnt niðursöðuhús, og bjuggu þau þar í mörg ár, eða þangað til hann keypti hús ekkju Snorra heitins Pálssonar, er hún fluttist til Ísafjarðar og bjó hann í því húsi til dauðadags 12. apríl síðastliðinn. — Síðan Hafliði settist að í húsi þessu, hefir það verið kallað Hafliðahús.

Þess er áður getið að Hafliði var 15 ára gamall, er hann fór að Hvítárvöllum. Stundaði hann þar laxveiði hjá Andrési Féldsteð. Þar var þá enskur maður Ritschie að nafni, var hann einnig við laxveiðarnar og sauð niður laxinn. Lærði Hafliði af honum niðursuðu matvæla, og þegar hann var sestur að á Siglufirði var sett þar á fót matvælaniðursuða og stóð Hafliði fyrir henni öll þau ár, sem henni var haldið við. Annars vann Hafliði að hverskonar smíðum, sem fyrir féllu lengi framefir æfinni: Niðursuðu, trésmíði, járnsmíði, múrsmíði, mátti segja svo, að öll verk lægi honum í augum uppi og ekki minnst eg þess, að eg hafi þekt fjölhælari mann til verka; og það var segin saga, að ef einhver þurfti að láta gjöra eitthvað, sem sérstakrar hegurðar þurfti við, þá var ætíð viðkvæðið: »Farðu með það til hans Hafliða, hann verður ekki lengi að lagfæra það» — og Hafliði bætti meinin bæði fljótt og vel.

Eitt vorið, sem Hafliði dvaldi á Hvítárvöllum var kalt með afbrigðum. Var oft vösbúð mikil við laxveiðarnar og ofkældist Hafliði þá eitt sinn svo mjög, að þess beið hann aldrei bætur síðan. Fékk hann þyngsli fyrir brjóstid og kendi þeirra ætíð upp frá því. Ágerðist þessi brjóstmæði eftir því meir sem hann eltist, og mun hún hafa valdið mestu um dauða hans. En mæði þessi olli því meðal annars, að seinustu ár æfinnar var hann að mestu hættur að vinna líkamlega vinnu.

Þann 5 ára tíma, sem hann var í Reykjavík — frá 1872—'77 — starfaði hann að ýmsu; var hann t. d. við kalknám í Esjunni með Birni bróður sínum, byggingu hegningarhússins o. fl. Á þeim árum var hann 2 vetur í sunnudagaskóla, sem í þann mund var haldinn í »Glasgow.« Var lærdómur sá, er hann naut í skóla þessum, alt það andlega veganesti, sem hann fékk frá öðrum til langferðar sinnar á lífsveginum — auk fermingarfræðslunnar. En ofan á þessa undirstöðu bygði hann síðan sjálfur svo vel, að hann mátti vel mentur heita, þótt að mestu væri hann sjálfmentaður. Og alla æfi las hann mikið. Sérstaklega hafði hann yndi af sögu og ættfræði. En annars fylgdist hann vel með í öllum framsóknarmálum þjóðarinnar, jafnt í pólitík sem öðru, og sýnir það meðal annars hygri hans og greind, að aldrei feli hann verð á neinum fyrir andstæðar skoðanir í landsmálum og varð eg þess aldrei var, að nokkurs kulda kendi frá honum í garð stjórn mála andstæðinga sinna fyrir þá sök eina, að þeir væru andstæðingar. — Hann naut líka hylli og trausts sveitunga sinna í hvívetna og yfirleitt allra þeirra, sem kyntust honum og nokkuð höfðu saman við hann að selda. Þessi hylli og þetta traust kom meðal annars í ljós með því, að honum var trúað fyrir vandasöm mustu og erviðustu störfum sveitarinnar: 31 ár var hann í gæslustjórn sparisjóðsins í Siglufirði og 16 ár formaður sjóðsins. Sýslunefndarmaður var hann í mörg ár. Oddviti Hvanneyrarhrepps var hann í 20 ár og hreppstjóri og sáttarnefndarmaður í 23 ár.

Hreppstjóra embættinu fylgir ætíð talsverð ábyrgð; en það hygg eg að óhætt sé að segja, að hreppstjóraembættinu í Siglufirði hefir fylgt — sérstaklega á seinni árum — meiri ábyrgð en nokkru öðru hreppstjóraembætti landsins. Var það ekkert smáræðis verk að sinna öllum skipum, sem inn á höfnina komu og innheimta hjá þeim siglingagjöld, innheimta alla tolla, bókfæra þetta alt og standa skil á mörgum þúsundum árlega. — Það er ekkert meðalmanns verk, að inna þetta af hendi svo í lagi sé. En aldrei hefi eg heyrt, að nokkur tíma hafi nokkur snurda komið á þann þráð — hvorki fyr né síðar. — Það mun

nokkuð algengt, að þeir, sem miklar og víðtækar innheimtur hafa á hendi, njóta ekki eins almennrar hylli eins og þeir, sem eigi hafa þau störf með höndum; en þetta átti ekki við um Hafliða Guðmundsson. Er mér óhætt að fullyrða það, að allir borguðu Hafliða með glöðu geði, jafnt innlendir sem útlendir menn; öllum þótti svo vænt um Hafliða. Var það oft þegar útlendingar þyrptust saman og við uppþoti lá og handalögmáli, að ekki þurfti annað en að Hafliði kæmi á vettvang gláður og brosandi og talaði við þá fáein orð í góðu, þá sundradist hópurinn og allir héldu í friði á braut.

En það var eigi að eins hreppstjórastarfið, sem Hafliða fór svo vel úr hendi — nei, hann rækti öll störf sín með sömu samviskusemi og það svo að allir undu vel við.

»Hafliðahúsið« þekkja allir Siglufirðingar og ekki aðeins þeir, heldur allir síldveiðamenn — allir, liggur mér við að segja, sem einhverntíma hafa komið í Siglufjörð á seinustu áratugum, en þeir eru margir. Húsið er hvorki stórt né fagurt á að líta. En þegar inn var komið gleymdist þetta hvortveggja, því að gestrisni hefir búið þar innan veggja svo að með afbrigðum er. Má svo segja, að þar hafi aldrei verið gestalaust, hvorki vetur né sumar. Og allir hafa notið sömu risunnar og sama atlætisins; og það hafa ekki aðeins verið veitingar húsfreyjunnar og viðmót hennar, sem hefir gjört gestunum svo ánægjulegt að vera í því húsi, heldur líka hin framúrskarandi góða og gláða lund húsbóndans horfna. Það var eins og allir gestir væru synir hans og dætur — svo vildi hann láta þeim líða vel. Og spaugsyrðin og gamansögurnar, sem hann hafði ætíð á reidum höndum, voru ánægjulegrí nokkru kryddi með kaffinu, eða hverju öðru, sem fram var borið. Og margur er sá gesturinn, sem geymir ánægjulegar endurminningar frá samfundum við Hafliða í hans eigin húsi.

Um þriggja ára tíma hafði Hafliði og kona hans á hendi greiddasölu, og er eg sannfærður um það, að á þeim árum hefir ekki verið selt oft en gefið — þótt sala ætti að heita.

Húsbóndi var hann ágætur, konu

sinni besti eiginmaður og börnum sínum, fósturbörnum og tengdabörnum ástrikur faðir.

Eg enda þessar línur með þeirri ósk, að Íslandi mætti auðnast að eignast sem flesta jafnoka Hafliða Guðmundssonar að drengskap og dug, góðsemi og glaðlyndi, trygð og lápi.

G. Dav.

Gandreidd.

Í 30. tölubl. Fram þ. á. kemur Tómas Jónsson fram á völlinn í annað sinn.

Eg ætlaði strax að svara honum með nokkrum orðum, en ekki haft tíma til þess fyr en nú.

Það þyrfti lengra mál en kemst fyrir í einu tölublaði af Fram ef svara ætti grein hans orði til orðs; því hugur hans virðist vera mjög á reyki og hann á því erfitt með að halda sér við efnið.

Aðal efnið í grein T. J. er að reyna að vekja eftirtekt á því hve heimskur eg sé.

Ef til vill veit hann ekki að menn gefa sér ekki sjálfir gáfur, en hitt er vist, að mönnum er í sjálfsvald sett hvernig þeir verja gáfum sínum. Sumir nota þær til að rægja náungann og spilla fyrir honum, en aðrir gjöra hið gagnstæða.

T. J. segir að stöðvarstjórinn hér sé ekki samþykkur grein minni um Landsímastöðina á Siglufirði, þar eð hann lýsi því yfir að hann eigi engan þátt í henni. En er það ekki sitt hvað, að vera greininni samþykkur, eða að hafa samið hana? (!!!) En það að sú grein hafi ekki haft við neitt að styðjast, sýnir sig best nú; því ekki þarf T. J. að ímynda sér að hann telji mér eða öðrum, sem eitthvað þekkja til, trú um að gæslustöðvarstjórinn á Akureyri hafi það í hótunum að stöðvar verði fluttar eða lagðar niður, nema einhver ástæða sé til.

Hvað því viðvíkur að eg færi engar sönnur að dæmi því er eg setti fram um Fellsstöðina, þá er T. J. óhætt að trúa því að vitnisburður minn og stúlku þeirrar er gættir símans á Saudárkrók, um hið umtalaða skeyti, hefir meira gildi en hans.

Einnig held eg að gott væri fyrir T. J. að ihuga það áður en hann fer í ritdeilur næst, að það er minni vandi að sitja á sýslufundum og rétta upp hendina til samþykkis þegar von er um hylli eða hag, heldur en að verja slæman málstað í riti, þótt á móti heimskum sé.

H. G. Guðmundsson.

Alpingi.

Af því eru engar fréttir ennþá aðrar en þær, að forseti sameinaðs þings var kosinn Kristinn Daniéls-son. Forseti efri deildar Guðmundur Björnsson, og neðrideildar Ólafur Briem. — Strax og eitthvað gjör-ist í þinginu sem í frásögu er fær-andi, munum vér geta þess í blað-inu.

Laufblaðið.

Sá eg blað borið af vindi, einmana yfirgefið. Fjarri styrkum stofni, og greinum; bjartri blómkrónu og brosi sólar.

Vaggaði fyr vorblær glaður blaði broshýru í bjarkasal. Systkin mörg saman undu lifðu við dög og loftsins strauma.

Fölvi var nú fallinn kaldur á lítið laufblad langt frá meiði. Brostinn þróttur og bani vís, viltum vesaling vanmáttugum.

Ýmsra manna er æfi lík, lítils laufbláðs langt frá meiði. Velkjast þeir eins vinum fjærri viltir vegmóðir í vondum heimi.

s. m.

Höfðingleg gjöf.

Kaupmaður Sigurður Kristjánsson í Siglufirði hefir alveg nýlega gefið Ekknasjóði Siglufirðinga 100 krónur. Þessa er hér getið með innilegu þakklæti fyrir sjóðsins hönd.

Stjórn Ekknasjóðsins.

Skorið Neftóbak

best í verzlun

Sig. Kristjánssonar.

Erlendar símfréttir.

Khöfn 29. júní.

Herlið frá Bandaríkjunum er komið á vesturvígst. Stórkostlegar „Demonstrationer“ í Budapest, 25 þús. verkamenn ganga þar um götur borgarinnar og krefjast almenns kosningaréttar

Rússar hafa boðið út kvenverkalýðnum.

Khöfn 30. júní.

Keisaraveldið er endurreist í Kína og er Hsuan Tring keisari.

Rússar sækja ákaft fram á austurvígstöðvunum, og hafa tekið 10 þús. fanga.

Grikkir hafa slitið stjórn málasambandi við miðveldin. Bandaríkjamadurinn Orville Arcight telur að hægt sé að leiða ófriðinn til lykta á 10 vikum með flugvéla-hernaði.

Rússar hafa tekið hæðirnar Pressoco og Rorcheluv fyrir sunnan og suðaustan Ztorow í Galiziu, og hafa tekið 6400 fanga og 21 fallbyssu á austurvígstöðvunum.

Khöfn 1. júlí.

Stórorustur á vesturvígstöðvunum.

Escondido sökt í nánd við Orkneyjar, og kolaskipi til Eyrarbakka sökt á leið frá Englandi. Mannbjörg varð á báðum skipunum.

Khöfn 5. júlí.

Rússar eru aðeins 70 kílómetra frá Lemberg.

Barist á götum í Amsterdam, búðir rændar og menn drepnir, og eru óeirðir þessar vegna kartöfluskorts.

Áköf sókn Þjóðverja í Frakklandi árangurslaus.

Eftir skeytum til Rvk.

Eimskipafélagið.

Það hélt aðalfund sinn 23. f. m. Í stjórn félagsins voru kosnir Sveinn Björnsson og Jón Gunnarsson, báðir endurkosnir, og Jón Bildfell af hálfu Vestur-Íslendinga í stað Halldórs Daniéls-sonar. Endurskoðandi var Þórður Sveinsson póstafræiðslumaður kosinn í stað L. H. Bjarnasonar.

Arður á rekstri félagsins árið 1916 hafði orðið kr 331,483,58 og auk þess mismunur á bókfærðu eignarverði á Goðafoss og váttryggingarupphæð hans, sem var kr. 349,865,78 Tekjur af vöruflutningi með Gullfoss urðu 431 þús. en með Goðafoss 387 þús. Fargjöld með þeim báðum samtals 90 þús.

Samþykkt var að greiða hluthöfum 7 pr. í arð af hlutafé sínu fyrir árið 1916.

Hlutafé hefir félaginu safnast samkvæmt síðasta útboði um 400 þúsund krónur.

Ur bænum.

Afmæli

8. júlí, Sophus Árnason versl.stj.

Afli

hefir verið með langbesta móti þessa viku, en viðbúið að bátarnir verði að hætta innan fárra daga vegna salt og olíuleysis.

Hreppsnefndin

hélt fundi 4. og 5. þ. m. og fer hér á eftir hið helsta sem gjört var.

Samið og samþykkt frumvarp til laga um bæjarstjórn í Siglufjarðarkaupstað. Var það langt og mikið mál í nærri 40 greinum. — Aðaldrættir frumvarps þessa eru:

Í bæjarstjórn kaupstaðarins skulu vera 6 fulltrúar, kosnir til 6 ára og ganga 2 úr annaðhvert ár. Bæjarfógetinn er sjöundi maður bæjarstjórnarinnar og oddviti hennar. — Í niðurförjunarnefnd skulu vera 5 menn, kosnir til 6 ára og ganga 2